

Hverfisnefnd Síðuhverfis – 13. fundur haldinn í Síðuskóla 30. nóv. 2005

Mættir: Drífa, Elías, Elín, Helga, Inga, Sigþór og Svala.

Helga sagðist hafa rætt við Fanneyju Hauksdóttur arkitekt að viðbyggingu Síðuskóla sem upplýsti að bogaveggurinn væri hannaður með þann möguleika að nýta sem klifurvegg. Það sé undir bænum komið hvernig sá möguleiki verði nýttur.

Rætt var um bréf frá Jónasi Vigfússyni þar sem hverfisnefnd bárust svör við fyrirspurnum nefndarinnar frá því í vor. Svör vegna fyrirspurnar um planið við Síðubúð hljóða á þann veg að eiganda búðarinnar beri að sjá um frágang á planinu. Einnig bárust nefndinni svör vegna tillagna sinna um skilti í Síðuhverfi sem minna vegfarendur á börnin í umferðinni. Tillögu hverfisnefndar hefur verið hafnað m.a. á þeim forsendum að innan skamms verði Síðuhverfi 30 km hverfi. Enn fremur verði skilti að lúta ákveðinni reglugerð.

Þrír nefndarmenn, Helga, Drífa og Elín, fóru í viðtalstíma bæjarsjórnarmanna og hittu þá Kristján bæjarstóra og Odd Helga Halldórsson. Skiltamálið var kynnt fyrir þeim félögum sem vildu skoða málið nánar. Ræddar voru boðleiðir milli hverfisnefnda og bæjarstjórnar/bæjarráðs því eitthvað er á reiki hvernig hverfisnefndirnar eru að virka.

Ákveðið var að stefna að þorablóti hverfisins laugardaginn 28. jan. Inga tók að sér að ræða við verkefnisstjórn Barnsins í brennidepli um samstarf. Svala hefur samband við Ólaf skólastjóra vegna húsnæðisins.

Rætt var um að hverfisnefndin minnti hverfisbúa á sig eins og gert var haustið 2004 með dreifibréfi.

Þorablótið verður auglýst með dreifibréfi og mun þá hverfisnefndin minna á tilveru sína í leiðinni.

Fleira ekki bókað
Elín E. Magnúsd.